

## Fundargerð samstarfsnefndar Sálfræðingafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn 21. janúar 2021 í samstarfsnefnd Sálfræðingafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi 2020 til 2023. Samskipt fóru fram með tölvupóstum.

### Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Anna María Frímansdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. Grein 1.4.1 um tímavinnukaup

Tilvísun í gr. 1.4.1 lagfærð. Grein 1.4.1 um tímavinnukaup og hljóði svo:

- 1.4.1 Tímavinnukaup í dagvinnu í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarkaupi miðað við það launaprep sem viðkomandi starfsmanni er raðað í. Við útreikning tímakaups skal jafnframt taka mið af persónuálagi viðkomandi starfsmanns, sbr. gr. 1.1.1 og 10 kafla eftir því sem við á.

*Pegar unnið er í tímavinnu skal ekki greitt vaktaálag á þær stundir sem eru utan hefðbundins dagvinnutíma heldur greidd yfirvinna*

### 2. Grein 1.5.1 um yfirvinnu

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist og hljóði svo:

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum.

*Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstímanum. Ofangreint gildir til 31. desember 2020 varðandi dagvinnufólk og til 30. apríl 2021 hjá vaktavinnufólki. Sjá fylgiskjal 2 og 3.*

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 1.5.1 þeirri dagsetningu.*

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr.1.5.1 breyttri dagsetningu.*

**3. Grein 2.1.1 um vinnuviku**

Skýringakassi við grein 2.1.1 fell niður í undirrituðum samningi en á að vera áfram fyrir neðan greinina.

**4. Grein 2.1.1 um vinnuviku**

Fyrirsögn á grein 2.1.2 Grein 2.1.2 „Sveigjanlegur vinnutími“.

**5. Grein 2.6.2**

Aðilar eru sammála um að skýringakassi fyrir neðan grein 2.6.2 falli niður, „Grein 2.6.2 gildir frá 1. apríl 2016“.

**6. Grein 5.4.2**

Aðilar eru sammála um setja inn grein 5.4.2 til samræmis við aðra BHM samninga. Grein 5.4.2 hljóði svo:

5.4.2 Þegar vinnuveitandi ráðstafar tíma starfsmanns fjarri föstum vinnustað telst ferðatími til vinnutíma. Semja má um frítöku í stað greiðslu fyrir ferðatíma sem er utan við venjubundin dagvinnumörk starfsmanns, sbr. grein 2.3.8. Sé unnin yfirvinna í ferðum hvorki greidd samkvæmt tímareikningi né falli undir fasta yfirvinnu starfsmanns, skal semja um þá greiðslu fyrirfram við viðkomandi starfsmann.

**7. Grein 5.10.3**

Grein 5.9.3 verður grein 5.10.3. Tilvísun í grein 5.10.3 er leiðrétt. Var 5.9.2 en rétt tilvísun er 5.10.2.

**8. Grein 9.2.1 um launað staðgengilsstarf**

Aðilar eru sammála um að skýringakassi á eftir grein 9.2.1 falli niður.

**9. Grein 9.2.2**

Aðilar eru sammála um að skýringakassi á eftir grein 9.2.2 falli niður, „Grein 9.2.2 gildir frá 1. júní 2018“.

**10. Grein 10.2.1.1 um starfspróunarsamtal**

Aðilar eru sammála um að í skýringakassa við grein 10.2.1.1 bætist við „og lögð drög að símenntunaráætlun“.

**11. Grein 10.2.2**

Grein 10.2.2 er óbreytt en neðst í skýringakassa er eftirfarandi tekið út „(gildir frá og með 1. maí 2011)“.

**12. Grein 10.2.3 um persónuálag vegna viðbótarmenntunar**

Aðilar eru sammála um að fyrri hluti greinar 10.2.3 sem var í gildi til 31. maí 2018 fellur niður.

### 13. Greinarnúmer lagfærð

Grein 11.1.8.2 verður 11.1.8.1 og grein 11.1.8.2 verður 11.1.8.3. Grein 12.5.2 skipt upp í tvær greinar, 12.5.2 og 12.5.3.

### 14. Skýringakassi við grein 13.8.1

Aðilar eru sammála um að bæta við skýringakassa neðan við grein 13.8.1 til samræmis við aðra BHM samninga sem hljóði svo:

„VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

*Hlutverk VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda eða slysa. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum. Einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu sökum heilsubrests og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði eiga rétt á þjónustu ráðgjafa VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs. Um er að ræða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem er starfsmönnum að kostnaðarlausu og miðuð við metnar þarfir hvers og eins.“*

Fleira var ekki gert og fundi slitið.